

2. gr.

275

Brot gegn ákvæðum þessum, sem sett eru samkv. heimild í lögum nr. 70 31. des. 1937, varða sektum allt að 10000 krónum.

3. gr.

Ákvæði þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Viðskiptamálaráðuneytið, 21. desember 1939.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

AUGLÝSING

276

um breyting á lyfsöluskrá.

27. des.

Frá 1. jan. 1940 hækkar verð löggiltra (officinel) lyfja og umbúða þessara lyfja um 10% og verður, sbr. auglýsingu frá 1. nóv. 1939, um 10% verðhækkun löggiltra lyfja og umbúða, 20% hærra en greint verð í lyfsöluskrá I, frá 5. des. 1936, sbr. breytingar á þeirri skrá frá 1. nóv. 1937, 4. ágúst 1938 og 1. des. 1939.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 27. desember 1939.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Gústav A. Jónasson.

EMBÆTTI, SÝSLANIR M. M.

14. janúar skipaði menntamálaráðherra fyrrv. skólastjóra Jakob Kristinsson til þess að vera fræðslumálastjóri frá 1. febr. næstk. að telja.

3. apríl þóknaðist Hans hátign konunginum að veita Daniel Á. Danielssyni héraðslækni í Hesteyrarhéraði lausn frá embætti frá 31. maí næstk. að telja.

S. d. þóknaðist Hans hátign konunginum að skipa Björn Sigurðsson héraðslækni í Miðfjarðarhéraði frá 15. apríl þ. á. að telja.

15. apríl var Sigtryggur Klemensson, cand. juris, skipaður fulltrúi í fjármálaráðuneytinu frá þeim degi að telja.

15. apríl var Halldór Sigfússon, settur skattstjóri í Reykjavík, skipaður í það starf til 6 ára frá 1. s. m. að telja.

S. d. hefir viðskiptamálaráðherra ráðið Jón Guðmundsson, aðalendurskoðanda, til þess að vera skrifstofustjóri í viðskiptamálaráðuneytinu.

17. apríl veitti Hans hátign konungurinn atvinnu- og samgöngumálaráðherra Skúla Guðmundssyni lausn frá embætti.